

Gammafundur haldinn þriðjudaginn 1. október 2019 að menntavísindasviði H.Í.

1. Formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Því næst var nafnakall en á fundinn voru mættir þrjátíu einn félagi: Árný, Björg, Björk, Edda P., Edda Vikar, Gerður, Guðný, Helga G., Helga Th., Hertha, Hildur J., Hildur S., Hrefna S., Ingibjörg Einarsd., Ingibjörg Jóhannsd., Ingibjörg Jónasar., Kristín B., Kristín J., Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig, Renata, Sigríður, Sigrún, Stefanía, Svana og Vilborg.
3. María formaður minntist látins félaga Bryndísar Steinþórsdóttur, sem lést 30. júlí s.l.. Bryndís var ein af stofnfélögum Gammadeildar og var hún mjög virk í starfi og ætíð tilbúin að taka að sér verkefni og trúnaðarstörf fyrir samtökin. Bryndís var mjög ritfær og skrifaði margar greinar og fræðslurit um næringu, matreiðslu og heimilishald. Hún var t.d. annar höfundur matreiðslubókarinnar *Við matreiðum* sem hefur verið notuð til kennslu um langa tíð og var bókin einnig vinsæl á heimilum landsmanna. Bryndís hafði sérstaklega fallega og hæverska framkomu, var kurteis, jákvæð og einstaklega smekkleg í öllu sem hún kom að. Delta Kappa Gamma kveður mæta félagskonu með þakklæti í huga. Blessuð sé minning Bryndísar Steinþórsdóttur.
4. Formaður og Edda fóru yfir framkvæmdaáætlun landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma 2019-2021 „Verum vakandi og virkar“. Samskipta og útgáfunefnd fellur í hlut Gammadeildar 2019 – 2021. Hildur S. er formaður, Edda P. meðstjórnandi og Svana gaf kost á sér í nefndina með þeim.
5. Orð til umhugsunar var næst á dagskrá sem Margrét var með. Hún hóf mál sitt á því að segja frá því hve drengirnir hennar þrír og eiginmaðurinn hefðu verið hamingjusöm í gegnum tíðina og átt skemmtilegt líf saman, en þegar fram liðu stundi hafi það skyggt á fjölskyldulífið að tveir drengja hennar eiga við geðveiki að stríða. Oft hafa verið erfiðir tímar og þá hefur verið gott að minnast góðu stundanna frá því fyrr á árum. Hún lauk máli sínu á að lýsa því hve mikla trú hún hafi á hreyfingu sér og öðrum til heilsuþótar á alla lund og að lokum dreifði hún bæklingum til Gammakvenna um ýmis konar íþróttir og hreyfingu úti sem inni.
6. Aðalerindi kvöldsins hélt Dr. Kristín Jónsdóttir það bar heitið *Mikilvæg tengsl heimila og skóla í nútímasamfélagi*. Hún hóf mál sitt á því að kynna lagarammann um samvinnu heimili og grunnskóla. Foreldrar bera miklar skyldur samkvæmt lögum s.s. að börnin komi úthvöld í skólann. Næst vék Kristín að rannsókninni sem var meginefni erindisins en um hana má lesa nánar um í bókinni *Starfshættir í grunnskólum* 8. kafla „Foreldrasamstarf“. Meginspurningin í rannsókninni var: Hvaða hlutverki þjóna tengsl heimila og skóla í grunnskólastarfi á Íslandi? Kristín vann út frá líkani Joyce L. Epstein þar sem ábyrgðin liggur hjá grunnskólanum með að hafa frumkvæði að samstarfi o.s.frv. Talið er að því betri sem samvinna er við skólann af foreldra hálfu þá vegnar barninu betur í skólanum, en hins vegar er talið að einsleitt foreldrasamstarf henti ekki öllum foreldrum og þurfa því kennarar að nálgast foreldra með ólíkum hætti. Samskipti við foreldra skora mjög hátt hjá kennurum þegar spurt er um hvað veldur mestum erfiðleikum/álagi í starfi. Unglingar vilja að foreldra tækju þátt í námi og námsmati, en kennarar og foreldrar telja að þeir vilji að foreldrar hafa sem minnst afskipti þegar á unglingastigið er komið. Stuðningur foreldra skiptir máli fyrir námsárangur. Fram kom að 15% eru mjög og fremur óánægðir 7% hvorki né og 8% eru frekar og mikið óánægðir með samstarfið við skólann og þegar sá hópur er skoðaður þá eiga þeir foreldra flestir börn sem þeir telja að fái ekki nægjanlegan stuðning við nám og hegðun. Oftar eru það foreldrar drengja og einstæðar mæður sem eru óánægðar með samstarfið við grunnskólann.

Að lokum fjallaði Kristín m.a. um að vitund þarf að vera um viðkvæma hópa – virðing og hlýja fremur en fyrimæli. Miklar umræður urðu eftir erindið og ljóst að fundarmenn höfðu miklar skoðanir á málefnum.

7. Kaffihlé var gert um núleitið með glæsilegum veitingum.
8. Önnur mál. Ingibjörg Einarsdóttir vakti athygli á lyklakippum sem búnar voru til fyrir Alþjóðaráðstefnuna og væru til sölu á fundinum. Helga Th. óskaði eftir því að fá vetrardagskrá Gammadeildar senda í tölvupósti einnig að hún yrði sett á heimasíðu Gamma. Sigrún Aðalbjarnardóttir verður með aðalerindið á næsta fundi og bað um orðið til að vita m.a. hverjar hefðu hlustað á hana áður.
9. Fundi slitið kl. 22:00

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir